

Gersemar og þarfabing



Úr 130 ára sögu
Þjóðminjasafns Íslands

Ritstjóri Árni Björnsson

Reykjavík 1994

Gísli B. Björnsson hannaði bókina.

Ljósmyndir: Ívar Brynjólfsson og fleiri.

Myndskreyting á titilsíðu er hluti af blómstursaumuðum bekk
neðan á samfelli eftir Guðrúnu Skúladóttur landfógeta.
Pjms. 1770.

Bókin er sett með 11 punkta Times letri á 12 punkta fæti
prentuð á 135 gr Mediaprint pappír
og bundin í Brill 4050A
Prentsmiðjan Oddi hf. annaðist setningu,
umbrot, filmuvinnu, prentun og bókband.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun,
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis útgefanda og höfundu.

Menningarsjóður og Þjóðhátíðarsjóður styrktu úgáfu
bókarinnar.

2. prentun 1994.

© Hið íslenska bókmenntafélag, Þjóðminjasafn Íslands
og höfundar 1994

Sérútgáfa gerð í 500 eintökum.

ISBN 9979-804-69-6



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

HÍÐ ÍSLENSKA
BÓKMENTAFÉLAG
1994

Madonnan frá Kúabót

S umarið 1982 sat sá er þetta skrifar og horfði á sjónvarp heima hjá vini sínum austur í Skóum undir Eyjafjöllum. Það sumar unnum við að fornleifarannsókninni á Stóruborg. Þar fundust svo margir gripir sem þurfti að skrá, að sjaldan vannst tími til dægrastytingar eins og að horfa á sjónvarp. Allir þeir merku gripir sem fundust á Stóruborg voru betri skemmtun.

Kvöldið 16. ágúst gerði ég undantekningu, því í sjónvarpinu var fræðslumyndin *Chronicle: Metal Detectives* frá BBC, sem fjallaði um málmeitartæki, um galla og kosti slíkra tækja í tengslum við fund fornleifa. Í lok þáttarins brá fyrir svipmyndum af safni forngrípa sem fyrrverandi hnefaleikakappi í Lundúnum hafði komið sér upp. Hann hafði fundið alla gripina á svæði við Bull Warf í bæjarhlutanum Southwark, þar sem grunnar skrifstofubýgginga höfðu verið grafnir niður í margra metra og margra alda þykk búsetulög Lundúnaborgar.

Á skjánum birtist lítil mynd úr tin- og blýblöndu. Myndin hafði verið sold til *The Museum of London*. Ég trúði ekki mínum eigin augum, því þetta virtist vera alveg eins og lítil mynd úr rústinni í Kúabót í Álfaveri, sem ég hafði haft með mér til Danmerkur til viðgerðar árið áður.

Við fornleifarannsóknir á Kúabót í Álfaveri á arunum 1972-1976 undir yfirstjórn Gísli Gestssonar var rannsókuð merkileg bæjarrúst og lítil kirkju-eða bænhústótt, sem er aðeins 5,3 m á lengd og 3,2 á breidd. Myndin fannst í kirkjurústinni. Byggð er talin hafa lagst af í Kúabót um 1490 eftir Kötluhlaup.

Árið 1983 var ég staddur í *The Museum of London* og kom þá í ljós að myndin frá Kúabót hafði verið steypt í sama móti og myndin frá Lundúnum. Aftan á báðum myndunum var sams konar merki eftir mótið. Myndin í London er öllu heillegri en myndin frá Kúabót, sem mun hafa

1975
Kúabót 5023

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson



afmyndast nokkuð í eldi. Myndirnar munu vera frá seinni hluta 14. aldar.

Pótt hliðstæða myndarinnar sé til á Englandi hefur enn ekki verið hægt að segja til um hvar myndin hefur verið gerð. Næsta öruggt verður þó að teljast að myndin sé pílagrímsmerki. Pílagrímsmerki voru lítil tákna sem voru fjöldameidd í mismunandi gerðum víða í Evrópu á miðöldum. Pílagrímar keyptu þau því til jarteikna að þeir hefðu heimsótt helga staði. Við helgar lindir, þekktar kirkjur og klaustur í Evrópu var þannig hægt að kaupa merki úr tini, blýi eða taupjöltu með mynd, til að festa á klæði sín.

EKKI ER VITAÐ TIL ÞESS AÐ PÍLAGRÍMSMERKI VÆRU FRAMEIDD Á ÍSLANDI. EN STÖNDUGIR ÍSLENDINGAR FÓRU Í PÍLAGRÍMSFERÐIR EÐA SUÐURGÖNGUR EINS OG ÞAÐ VAR KALLAÐ. TIL ER NÁKVÆM ÍSLENSK FERÐALÝSING FYRIR PÍLAGRÍMA FRÁ MIÐRI 12. ÖLD, *ritinn ath fyrirsogn Nicholas abota*, þ.e. af Nikulásí Bergssyni ábóta á Munkaþverá. Þetta er elsta ferðalýsing sem varðveisist hefur á Norðurlöndum og lýsir Nikulás sinni eigin ferð allt suður til Jórsala, hinnar helgu borgar Jerúsalem. Á sömu öld hafa nokkrir

Hér að neðan sést merkið frá Kúabót í prefaldri stækken. Til vinstri eru merkin frá Kúabót og hliðstæðan frá Lundúnum í tvöfaldri stækken. Ljósm. Forhistorisk Museum, Árósum, og The Museum of London. Á blaðsíðunni á móti sést kirkjurústin sem rannsókuð var að Kúabót. Séð vestur úr kirkjutótt. Stéttin lá í átt að bæjardýrum. Ljósm. Gísli Gestsson.

